

Með því að hinn stefndi þannig eigi hefur heimilað veðsetninguna, er skuldabryfið ekki bindandi fyrir hann, og verður því eigi gegn mótmælum hans gjört fjárnám fyrir skuld Eggerts eptir því í umgetnum eignum stefnda. Hinn áfrýjaða úrskurð ber því að staðfesta, og ber áfrýjandanum eptir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettar-úrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, Sigfús Bjarnarson, greiði hinum stefnda, Þorláki Bergsveinssyni, málskostnað fyrir yfirdómi með 25 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 18. aprílmán.

Nr. 15/1887.

Rjettvísinn  
gegn

Sveinbirni Þorvarðarsyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, upp kveðnum 22. jan. þ. á., er hinn ákærði, Sveinbjörn Þorvarðarson, dæmdur fyrir fals eptir 270. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga, og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin máls-

varnarlaun til talsmanns hins ákærða í hjerði, Böövars Þorvaldssonar, að upphæð 4 kr.

Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins ákærða.

Það er löglega sannað með játningu hins ákærða, sem er í samhljóðan við önnur atvik málsins, að hann hafi rjett fyrir júl 1885, þá er hann var á ferð í Reykjavík, ritað skjal undir nafni Pjeturs Sigurðssonar á Króki þess innihalds, að nefndur Pjetur játar, að hafa tekið til láns hjá ákærða 100 kr., og veðsetur honum til tryggingar fyrir láninu 4 hndr. í Vestustu-Leirárgörðum; hinn ákærði dagsetti skjalið 15. júlí 1885, og skrifaði nafn Pjeturs undir það og nöfn tveggja manna sem vitundarvotta. Með brjefið fór ákærði þvínæst til kaupmanns Valgarðs Breiðfjörðs í Reykjavík og afhenti honum það til tryggingar fyrir kaupstaðarláni, er hann þá fjekk hjá honum í vörum að upphæð tæpar 27 kr. — Ákærði hefur kannast við það, að hann hafi enga heimild haft til að rita þráttnefnt skuldbindingarskjal, enda hafi Pjetur Sigurðsson alls eigi skuldað sjer þá upphæð, er það tilgreinir. Síðar borgaði ákærði kaupmanni Valgarði skuldina, svo að hvorki hefur hann nje heldur Pjetur Sigurðsson orðið fyrir fjártjóni sakir tiltækis ákærða. Þar sem ákærði hefur borið það fram, að hann hafi verið drukkinn, þá er hann ritaði og síðar afhenti Valgarði skuldbindingarskjalið, þá verður þessi framburður eigi tekinn til greina til sýknunar eða til linkindar, því að við fyrsta próf málsins hefur hann játað, að hann hafi vitað, hvað hann gjörði, er hann afhenti Valgarði skjalið, nefndur Valgarður hefur borið, að hann hafi ekki getað sjeð, að ákærði væri þá drukkinn, og rithöndin á skuldbindingarskjalinu virðist bera það með

sjer, að ákærði hafi verið ódrukkinn, er hann skrifaði það, en með öðrum vitnisburðum er ekkert upplýst um ástand ákærða, þá er hann ritaði skjalið og afhenti það.

Brot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður verið dæmdur fyrir nokkurt lagabrot, hefur undirdómarinn rjettilega heimfært undir 270. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og með tilliti til allra málsatvika þykir refsingin hæfilega ákveðin samkvæmt nýnefndri lagagrein 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði og ákærði allan af málinu bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors; talsmanni ákærða í hjerði verða ekki dæmd málsvarnarlaun, með því að hann hefur eigi krafizt þeirra.

Á rekstri málsins í hjerði hefur orðið töluverður dráttur, en með því að hann hefur orsakazt af sjúkdómslegu og fráfalli sýslumanns þess, er fyrst hafði málið með höndum, og að öðru leyti er nægilega rjettlættur af hinum núverandi sýslumanni, er leitt hefur málið til lykta, þá vottast hjer með, að málið hafi verið rekið vítalaust í hjerði. Sókn og vörn í því við yfirdóminn hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Sveinbjörn Þorvarðarson, á að sæta 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð; svo greiði hann og allan af málinu fyrir undirrjetti og yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns við yfir-

dóminn, málaflutningsmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 16/1887.

Rjettvísinn  
gegn  
Jóni Hannessyni.

#### D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, upp kveðnum 21. febrúar þ. á., er hinn ákærði, Jón Hannesson, dæmdur fyrir brot gegn 231. gr., 255. sbr. 253. gr. og 250. sbr. 249. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu og til að greiða allan málskostnað.

Dómi þessum er að ósk hins ákærða skotið til yfir dómsins.

Það er sannað í máli þessu með játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið, að hann hafi dregið í Hafnar-rjett haustið 1883 2 lömb, er Jón Magnússon á Heynesi átti annað þeirra, en Ólafur Jónsson á Kvígstöðum hitt; voru lömbin með marki þessara manna, og vissi ákærði, að þau voru eign þeirra; rak hann þau heim til sín úr rjettinni, og markaði þau þá þegar undir mark sitt; það er viðurkennt, að Ólafur á Kvígstöðum hafi bedið hinn ákærða að hirða fyrir sig kindur í Hafnar-rjett, ef hann hitti þær þar, og koma þeim til nafngreinds manns; en þar sem ákærði hefur borið það fram, að hann hafi þá falað lamb af Ólafi og fengið vilyrði fyrir því, og að hann í trausti þessa vil-